



Skólaráðsfundur 15. apríl 2026

Fundinn sátu: Karítas Björnsdóttir, Sigurlaug Lilja Halldórsdóttir, Emma Sif Björnsdóttir (í fjarfundi), Þ. Elenóra Jónsdóttir, Emilía Ragnheiður og Hafþór Ingi nemendafulltrúar í 10. bekk. Hallfríður Sverrisdóttir stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

Starfsmannahald.

Rætt um mönnun í kennslu fyrir næsta skólaár. Unnið er að undirbúningi og skipulagi og er staðan frekar góð.

Háskólalestin.

Háskóli Íslands verður með fræðslu í Árskóla á vegum Háskólalestarinnar dagana 16. - 18. apríl. Dagskráin var kynnt fyrir fundarmönnum. Kennarasmiðjur verða fyrir alla kennara í Skagafirði fimmtudaginn 16. apríl kl. 14:10-15:40. Föstudaginn 17. apríl verða námskeið og smiðjur fyrir nemendur í 8. - 10. bekk í Skagafirði. Hver nemandi á kost á að sækja 3 smiðjur. Laugardaginn 18. apríl verður síðan opið vísindahús í skólanum í tengslum við sæluviku kl. 11:00-14:00 og eru allir velkomnir.

Myndatökur í 4. og 7. bekk.

Myndatökur á vegum foreldrafélagsins gengu vel. Teknar voru hópmyndir af nemendum í 4. og 7. bekk og einnig voru margar óskir um einstaklingsmyndatökur (70%). Myndirnar eru í vinnslu og verða afhentar fyrir skólalok.

Önnur mál.

- Fyrirspurn um skóladagatal næsta skólaárs. Það er að mestu tilbúið en á eftir að fara fyrir fræðslunefnd.
- Nemendafulltrúar komu með fyrirspurn um hvort ekki væri hægt að koma við einhverjum sameiginlegum viðburðum/verkefnum þar sem nemendur (a.m.k. unglíngastigið) úr öllum skólunum í Skagafirði hittust. Þeir vilja gjarnan sjá meiri samgang á milli nemenda úr öllum skólunum.

Næsti skólaráðsfundur er áætlaður 6. maí 2026.